

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 10/2001**

**frá 23. febrúar 2001**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2000 frá 30. nóvember 2000<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/25/EB frá 22. maí 2000 um aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá hreyflum dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt og um breytingu á tilskipun ráðsins 74/150/EBE<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Aðlögunarliðirnir við tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum<sup>(3)</sup> í XI. kafla í I. viðauka við lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á<sup>(4)</sup> skulu felldir inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 45, 15.2.2001, bls. 5 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 8, 15.2.2001, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 173, 12.7.2000, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 84, 28.3.1974, bls. 10.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1.

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. lið (tilskipun ráðsins 74/150/EBE) í II. kafla í II. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við:

- „- **1 94 N:** Lögum um aðildarskilmála lýðveldisins Austurríkis, lýðveldisins Finnlands og konungsríkisins Svíþjóðar og aðlögun að sáttmálunum sem Evrópusambandið byggir á (Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 21, eins og þau voru aðlöguð með Stjtið. EB L 1, 1.1.1995, bls. 1),
- **32000 L 0025:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/25/EB frá 22. maí 2000 (Stjtið. EB L 173, 12.7.2000, bls. 1).“

2. Bókstafurinn a) komi á undan aðlögunarliðnum.

3. Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við:

b) Í I. viðauka bætist eftirfarandi við 1. þætti 1. liðar í 4. viðbæti:

„IS fyrir Ísland

FL fyrir Liechtenstein

16 fyrir Noreg““.

*2. gr.*

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/25/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. febrúar 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 23. febrúar 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*